

Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum

Alþingi

Erindi nr. P 135/1092
komudagur 22.1.2008

21. janúar 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um Frumvarp til laga um framhaldsskóla

Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum sendir hér með, sbr. bréf nefndarinnar dags. 14. desember sl., umsögn um *Frumvarp til laga um framhaldsskóla* (lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007-2008.), dags. 21. nóvember 2007.

Í athugasemdum sem hér fara á eftir verður eingöngu fjallað um það sem snýr að bókasafns- og upplýsingamálum í framhaldsskólum og ekki lagt mat á aðra þætti frumvarpsins.

Athugasemdir við frumvarpið í heild

Samstarfshópurinn fagnar því að mótuð verði metnaðarfull og heildstæð menntastefna sem taki til allra skólastiga en harmar jafnframt að í *Frumvarpi til laga um framhaldsskóla* er engin lagagrein samsvarandi 36. grein í fyrri lögum, nr. 80/1996, þar sem fjallað er um skólasöfn í framhaldsskólum, hlutverk þeirra og starfsemi.

Í frumvarpinu er fjallað nokkuð ítarlega um ýmsa þætti skólastarfs framhaldsskóla, s.s. náms- og starfsráðgjöf, heimavistir, nemendafélög og foreldraráð en hvergi er minnst á bókasafns- og upplýsingaþjónustu og ekki er kveðið á um að í framhaldsskólum skuli vera bókasöfn og/eða upplýsingaþjónusta en bókasöfn hafa jafnan verið talin hjarta hvers skóla og mikilvægur þáttur í skólastarfinu. Þó að hér sé um rammalög að ræða er nauðsynlegt að kveðið sé á um skólasöfn í lögnum. Mikilvægt er að efla starfsemi bókasafna framhaldsskóla og eðlilegt að þau komi í auknum mæli að þverfaglegu starfi innan skólanna.

Um 8. grein

Í 8. grein frumvarpsins er stuttlega minnst á „starfsfólk skólasafna“ en ekki á bókasafns- og upplýsingafræðinga sem er lögverndað starfsheiti, sbr. lög nr. 97/1984 og nr. 21/2001. Aftur á móti, til samanburðar, er talað um náms- og starfsráðgjafa. Þar er ekki talað um starfsfólk náms- og starfsráðgjafar. Þarna þarf að gæta jafnræðis og samræmis í umfjöllun. Gerð er tillaga um að á eftir „starfsfólk skólasafna“ í síðustu málsgrein komi eftirfarandi innskot: *p.e. bókasafns- og upplýsingafræðinga og annars starfsfólks þeirra.*

Um 38. gr.

Greinin verði nr. 39 (sjá tillögu um nýja grein hér fyrir neðan).

Um 39. gr.

Greinin verði nr. 40 (sjá tillögu um nýja grein hér fyrir neðan).

Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum

Tillaga að nýrri grein

38. gr.

Í öllum framhaldsskólum skal vera skólasafn. Hlutverk þess er að vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur, kennara og annað starfsfólk. Það skal búið fjölbreyttum og vönduðum safnkosti sem tengist kennslugreinum og annarri starfsemi framhaldsskóla.

Í tengslum við húsnæði skólasafns skal vera vinnuaðstaða fyrir nemendur með aðgangi að upplýsingaritum og upplýsingaveitum.

Í starfsemi skólasafns skal leggja áherslu á að þjálfa nemendur í sjálfstæðri leit upplýsinga, gagnrýnu mati á þeim og notkun rafrænna gagnasafna.

Greinargerð

Tillaga að grein nr. 38 er í samræmi við 2. grein frumvarpsins þar sem segir meðal annars að hlutverk framhaldsskóla sé að þjálfa nemendur í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun, hvetja þá til þekkingarleitar og kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta. Þetta læra nemendur meðal annars á bókasöfnum skólanna og undir leiðsögn bókasafns- og upplýsingafræðinga.

Upplýsingalæsi er veigamikill þáttur í menntun bókasafns- og upplýsingafræðinga. Lögð er mikil áhersla á að þeir kunni góð skil á miðlun upplýsingalæsis og að þeir geri sér grein fyrir mikilvægi þess að notendur bókasafna verði sem best læsir á hvers konar upplýsingar.

Full ástæða er til að kveða skýrt á um í lögum um framhaldsskóla að bókasafns- og upplýsingaþjónusta sé við hvern framhaldsskóla til að tryggja að allir nemendur sitji við sama borð hvað varðar slíka þjónustu en láta það ekki alfarið í hendur skólastjórnenda. Dæmi sýna að enn hafa ekki verið sett á fót bókasöfn við nokkra framhaldsskóla, sem nýlega hafa verið stofnaðir, þrátt fyrir skýr ákvæði þar um í núgildandi lögum.

Í ritinu *Áræði með ábyrgð. Stefna menntamálaráðuneytis um upplýsingatækni í menntun, menningu og vísindum 2005–2008* (Rv. 2005) segir m.a.: „Öflug upplýsingaþjónusta sé fyrir hendi í skólum og bókasöfnum. Boðið sé upp á markvissa kennslu í upplýsingalæsi á öllum skólastigum þannig að nemendur geti þroskað með sér færni til að nýta sér þekkingu á gagnrýninn og skapandi hátt.“

Í *Prag-yfirlýsingunni um upplýsingalæsi* segir m.a. að myndun upplýsingasamfélags sé lykill að félagslegri, menningarlegri og efnahagslegri þróun þjóða og sveitarfélaga, stofnana og einstaklinga á 21. öldinni. Upplýsingalæsi er skilgreint þannig að einstaklingurinn geti fundið, staðsett, metið, skipulagt og notað upplýsingar á skilvirkan hátt við að fjalla um þau málefni og viðfangsefni sem fyrir liggja hverju sinni. Í *Alexandríuyfirlýsingunni um upplýsingalæsi og símenntun* er upplýsingalæsi talið skipta sköpum við að ná yfirburðum í samkeppni á meðal einstaklinga, fyrirtækja, landshluta og þjóða.

Af ofangreindu má sjá að mjög misráðið er að fjalla ekki um bókasafns- og upplýsingaþjónustu í frumvarpinu sem nauðsynlega starfsemi hvers skóla og hvetur Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum eindregið til þess að bókasafns- og upplýsingaþjónusta verði gerði skil í frumvarpinu og kveðið verði á um að hún skuli vera fyrir hendi í hverjum framhaldsskóla.


Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum telur rekstur bókasafna- og upplýsingamiðstöðva í framhaldsskólum undirstöðu kennslu í upplýsingalæsi og einn af hornsteinum í starfsemi hvers skóla.

Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum

Með auknu upplýsingastreymi verða bókasöfn og upplýsingamiðstöðvar og sú þjónusta, sem bókasafns- og upplýsingafræðingar inna af hendi á söfnunum, stöðugt mikilvægari. Þörfin fyrir að gæðamat fagmanna sé lagt á upplýsingar eykst með vaxandi flæði þeirra en hvað sem töfrum tækninnar líður verða nú sem fyrr vandaðar og traustar upplýsingar, í hvaða formi sem er, og vönduð bókasafns- og upplýsingaþjónusta sá grunnur sem fjölbreytt menntunarstarf framhaldsskólans byggist á.

Virðingarfyllst,


f.h. Samstarfshóps bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum



Bára Stefánsdóttir
forstöðumaður bókasafns Borgarholtsskóla



Kristín Björgvinsdóttir
forstöðumaður bókasafns Fjölbrautaskólans við Ármúla



Þórdís T. Þórarinsdóttir
forstöðumaður bókasafns Menntaskólans við Sund

Fylgiskjöl:

Alexandríufirlýsingin um upplýsingalæsi og símenntun
www.upplysing.is/FileLib/skjalasafn/alexandria.pdf

Prag-yfirlýsingin um eflingu upplýsingalæsis í samfélaginu
www.upplysing.is/FileLib/skjalasafn/Pragyfirlýsing.pdf

Sjá nánar um upplýsingalæsi og gæðamat netheimilda:

Kennsluvefur um upplýsingalæsi: www.upplysing.is/upplysingalaesi
Netheimildir: www.upplysing.is/netheimildir

Afrit:

Félag framhaldsskólakennara
Kennarasamband Íslands
Upplýsing – Félag bókasafns- og upplýsingafræða



Vegvísar í upplýsingasamfélaginu

ALEXANDRÍUYFIRLÝSINGIN UM UPPLÝSINGLÆSI OG SÍMENNTUN

Í Pharos í Alexandríu, einum af aldagömlum undrum veraldar, tóku sérfræðingar í upplýsingalæsi og símenntun (High Level Colloquium on Information Literacy and Lifelong Learning) þátt í ráðstefnu sem haldin var í Bibliotheca Alexandrina 6.–9. nóvember 2005. Þeir lýstu því yfir að upplýsingalæsi og símenntun væru leiðarljós in í upplýsingasamfélaginu, þar sem þau vísuðu veginn til framfara, hagsældar og frelsis.

Upplýsingalæsi er nátengt símenntun. Upplýsingalæsi gerir fólki á öllum aldurskeiðum kleift að leita að, meta, nota og vinna úr upplýsingum á gagnlegan hátt til að ná fram persónulegum og félagslegum markmiðum, og einnig á sviði atvinnu og menntunar. Þetta eru grundvallar mannréttindi í veröld sem byggist á stafrænum upplýsingum og hvetur til félagslegrar sameiningar allra þjóða.

Símenntun gerir einstaklingum, samfélögum og þjóðum kleift að ná markmiðum sínum og notfæra sér þau tækifæri sem gefast á tímum vaxandi hnattvæðingar þjóðanna, öllum til hagsbóta. Símenntun hjálpar þeim og stofnunum þeirra að mæta tæknilegum, efnahagslegum og félagslegum áskorunum til að ráða bót á óréttlæti og stuðla að velferð allra.

Upplýsingalæsi

- er það að gera sér grein fyrir upplýsingaþörfinni, að finna, meta gildi, nota og vinna úr upplýsingum í menningarlegu og félagslegu samhengi;
- skiptir sköpum við að ná yfirburðum í samkeppni á meðal einstaklinga, fyrirtækja (sérstaklega í litlum og miðlungs fyrirtækjum), landshluta og þjóða;
- er lykillinn að öflugri aðgengi að upplýsingum og hvernig hægt er að nýta sér innihald þeirra til að efla efnahagsþróun, menntun, heilbrigðisþjónustu og alla aðra þætti er snerta nútímapjóðfélag. Þar með er lögð traust undirstaða markmiða þúsaldaryfirlýsingarinnar (Millennium Declaration) og Leiðtogafundarins um upplýsingasamfélagið (Worldsummit on the Information Society); og

- er feti framar tæknilegum lausnum nútímans og felur í sér nám, gagnrýna hugsun og færni á sviði samskipta þvert á fræðigreinar og gefur einstaklingum og samfélögum áræði og þor.

Við þróun upplýsingasamfélagsins hvetjum við ríkisstjórnir og milliríkja-stofnanir að framfylgja stefnumálum og vinna að verkefnum sem hvetja til upplýsingalæsis og símenntunar. Við biðjum um sérstakan stuðning við eftirfarandi þætti:

- svæðisbundna þemafundi sem greiða fyrir samþykktum um stefnu-mörkun í upplýsingalæsi og símenntun innan ákveðinna landsvæða og félagshagfræðilegra eininga;
- þróun faglegrar færni í notkun á meginreglum og starfsvenjum á sviði upplýsingalæsis og símenntunar þeirra sem starfa á sviði fræðslu og menntamála, í bókasöfnum, í upplýsingageiranum, á skjalasöfnum og innan heilbrigðisþjónustu;
- innleiðingu upplýsingalæsis í grunn- og framhaldsmenntun þeirra sem starfa við aðalatvinnuvegina, við stefnumótun og stjórnun hins opinbera og við ráðgjafastörf innan viðskiptastofnana og iðnaðar- og landbúnaðarfyrirtækja;
- verkefni sem auka atvinnumöguleika og sjálfstæðan atvinnurekstur kvenna og þeirra sem minna mega sín, þar á meðal innflytjenda og þeirra sem eru með litla eða enga vinnu; og
- viðurkenningu á því að símenntun og upplýsingalæsi séu undirstöðu-atriði í þróun almennra hæfniskrafna sem eru nauðsynlegar vegna faggildingar á öllum menntunarstigum og í tengslum við starfs-menntunaráætlanir.

Við trúum því að með því að styðja og styrkja menntastefnu sem eykur upplýsingalæsi og símenntun skapist opinber verðmæti sem eru nauðsyn- leg fyrir þróun upplýsingasamfélagsins.

Samþykkt 9. nóvember 2005 á Bibliotheca Alexandrina, Alexandríu, Egyptalandi.

Astrid Margrét Magnúsdóttir þýddi

Prag yfirlýsingin um eflingu upplýsingalæsis í samfélaginu

The Prague Declaration – Towards an Information Literate Society

Við, þátttakendur á fundi sérfræðinga um upplýsingalæsi, sem stjórnskipuð bandarísk nefnd um bókasöfn og upplýsingafræði (US National Commission on Libraries and Information Science - NCLIS) og Þjóðarráðið um upplýsingalæsi (the National Forum on Information Literacy) skipulagði í Prag í Tékklandi með stuðningi UNESCO dagana 20. til 23. september 2003, gerum tillögur að eftirfarandi grundvallarviðmiðunum varðandi upplýsingalæsi:

- Myndun upplýsingasamfélags er lykill að félagslegri, menningarlegri og efnahagslegri þróun þjóða og sveitarfélaga, stofnana og einstaklinga á 21. öldinni og áfram.
- Upplýsingalæsi, sem felur í sér þekkingu á eigin upplýsingaþörfum og hæfileikanum til að staðsetja, finna, meta, skipuleggja og nota á skilvirkan hátt upplýsingar við að fjalla um þau málefni og viðfangsefni sem eru til staðar, er forsenda þess að taka fullan þátt í upplýsingasamfélaginu og er hluti af þeim grundvallar mannréttindum að njóta símenntunar.
- Upplýsingalæsi, ásamt aðgengi að nauðsynlegum upplýsingum og skilvirkri notkun upplýsinga og samskiptatækni, er eitt aðalatriðið við að mjókka stafrænu gjána (e. digital divide) innan hvers lands og landa í millum og við að efla umburðarlyndi og gagnkvæman skilning með notkun upplýsinga í fjölmenningslegu og fjöltyngdu samfélagi.
- Stjórnvöld ættu að þróa vandaðar þvergreinanámskrár til eflingar upplýsingalæsi á landsvísi. Þær eru nauðsynlegar til að loka stafrænu gjánni og skapa upplýsingalæsa borgara, skilvirkt borgaralegt samfélag og samkeppnishæft vinnuafli.
- Upplýsingalæsi snertir alla þætti samfélagsins. Hver þeirra um sig ætti að sníða upplýsingalæsi að sínum sértæku þörfum og samhengi.
- Upplýsingalæsi ætti að vera órofa hluti af menntun fyrir alla og getur lagt sinn skerf að mörkum til að ná fram Árpúsundamarkmiðum Sameinuðu þjóðanna (United Nations Millennium Development Goals).

Með skírskotun til textans hér að framan leggjum við til að stjórnvöld, almenningur og alþjóðasamfélagið taki eftirfarandi stefnumörkun til alvarlegrar athugunar:

- Alþjóðasamfélagið ætti að skoða þann möguleika að taka upplýsingalæsi með í Áratug Sameinuðu þjóðanna um læsi (2003-2012) (UN Literacy Decade).
- Framvindu og tækifæri til að koma ofangreinum tillögum í framkvæmd ætti að meta á alþjóðlegri ráðstefnu um upplýsingalæsi sem skipuleggja mætti árið 2005.

Fundinn í Prag um upplýsingalæsi sátu 40 þátttakendur frá 23 löndum frá öllum sjö helstu landsvæðum veraldar. Þátttakendum var boðið sérstaklega til ráðstefnunnar.

Fram að þessu þykja framfarir í upplýsinga- og samskiptatækni frekar hafa stuðlað að því að breikka stafrænu gjána milli þeirra sem hafa ríkulegan aðgang að upplýsingum (information rich) og þeirra sem lítinn aðgang hafa að upplýsingum (information poor). Þátttakendur á Prag fundinum settu fram þrjú undirstöðuatriði til að bæta ástandið: 1) Gott aðgengi að upplýsingum og samskiptatækni. 2) Ótakmarkað aðgengi að þeim upplýsingum sem á þarf að halda. 3) Upplýsingalæsi borgaranna. Þeir voru sammála um að upplýsingalæsa borgara þarf til að samfélagið verði skilvirkt og vinnuaflið samkeppnishæft. Upplýsingalæsi væri forsenda þess að taka fullan þátt í upplýsingaþjóðfélaginu.

Yfir 30 fyrirlestrar voru undirbúnir fyrir fundinn í Prag og mynduðu þeir umræðugrundvöll fundarins. Sjá nánar um ráðstefnuna á Netinu, t.d. skýrslu eftir Peter G. Underwood á slóðinni <http://www.ched.uct.ac.za/cil/Prague2003/Report.htm>

Eins og fram kemur í umfjölluninni um CKIII hér að framan verður umrædd ráðstefna haldin í Kaupmannahöfn árið 2005.

Þórdís T. Þórarinsdóttir

Birtist í Fregnum 3/2003, s. 28-29